



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Ráðning í stöðu skólastjóra Vogaskóla

Starf skólastjóra Vogaskóla var auglýst á vegum Reykjavíkurborgar til umsóknar á vef borgarinnar undir auglýsingum um laus störf þann 24. maí 2019 og í Fréttablaðinu 1. júní 2019 í samræmi við 14.1. gr., um réttindi og skyldur starfsmanna og lífeyrissjóðsaðild, í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna SÍ. Umsóknarfrestur var til 11. júní 2019. Ráðið verður í skólastjórastöðuna frá og með 1. ágúst 2019.

Í auglýsingu var meginhlutverki skólastjóra í Vogaskóla lýst þannig:

- Veita skólanum faglega forystu og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á samstarfi aðila skólasamfélagsins.

Í auglýsingu um starfið voru eftirfarandi menntunar- og hæfniskröfur gerðar til umsækjenda:

- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Stjórnunarhæfileikar.
- Færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Færni til að leita nýrra leiða í skólastarfi og leiða framsækna skólaþróun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.

Í auglýsingu kom einnig fram að leitað væri að einstaklingi sem byggi yfir leiðtogaþæfileikum, hefði víðtæka þekkingu á skólastarfi og metnaðarfulla skólasýn. Jafnframt var óskað eftir að umsækjendur skiluðu greinargerð um framtíðarsýn sína á skólastarfið með umsókninni.

Fimm sóttu um skólastjórastöðuna. Umsækjendur eru Ásdís Hrönn Viðarsdóttir, Guðlaug Bjarnadóttir, Hallgrímur Jónasson, Snædís Valsdóttir og Þuríður Þorláksdóttir.

Við val á hæfasta umsækjandanum var byggt á kröfum sem komu fram í auglýsingu og í viðmiðum skóla- og frístundaráðs vegna ráðninga skólastjóra við leikskóla og grunnskóla í Reykjavík sem tóku gildi 1. júní 2015.

Niðurstaða:

Á fundi skrifstofustjóra fagskrifstofu grunnskólamála og sviðsstjóra, sem haldinn var 1. júlí 2019, gerði skrifstofustjóri grein fyrir niðurstöðu ráðningarteymsins.

Við mat á umsóknum, ráðningarviðtali og umsögnum er niðurstaðan að Snædís Valsdóttir væri hæfasti umsækjandinn til að gegna stöðu skólastjóra við Vogaskóla.

Snædís lauk B.Ed. gráðu frá Kennaraháskóla Íslands 1987 og MA gráðu í uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á matsfræði frá Háskóla Íslands 2017. Hún hefur einnig tekið fjölmörg námskeið í tengslum við stjórnun og kennslu, m.a. 15 eininga námskeið um stjórnun og forystu í skólaumhverfi hjá Stjórnendaskóla Háskólans í Reykjavík og 15 eininga stjórnunarnámskeið hjá Endurmenntun Háskóla Íslands. Snædís hefur starfað sem grunnskólakennari í 14 ár, sem deildarstjóri í 9 ár, sem aðstoðarskólastjóri í 7 ár og sem skólastjóri í Vogaskóla í afleysingu í eitt ár. Hún hefur víðtæka reynslu af skólastarfi sem kennari og stjórnandi, hefur verið í fararbroddi í skólaþróun í Vogaskóla og tekið virkan þátt í ýmsum þróunar- og samstarfsverkefnum.

Ákvörðun sviðsstjóra er að ráða Snædís Valsdóttur skólastjóra við Vogaskóla frá 1. ágúst 2019.